

Fundargerð 28. mars 2011

Mættir eru: Karen Konráðsdóttir, Stefán Benjamínsson og Rúnar Konráðsson.

1. Halldóra Gunnarsdóttir mætti á fundinn og sagði frá hvað er um að vera í ferðamálum. Sýndi fundarmönnum kort af svæðinu sem er að verða klárt.
 - Sumaropnun í Verinu og Sauðaneshúsi byrjar 1. júní.
 - Halldóra sagði frá því að slæm staða er í rekstri Sauðaneshússins.
 - Rætt um upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í Verinu í sumar, Halldóra ætlar að gera upplýsingamöppu fyrir starfsfólk þar til að vinna eftir.
 - Afla þarf upplýsinga um það hvort vegurinn út á Font verður lagaður í vor?

2. Nefndin fjallaði um erindi varðandi Markaðsskrifstofu Norðurlands, hvort halda eigi áfram að greiða til þeirra skv. samningi.

Samningurinn tók gildi 1. jan 2010 og er til þriggja ára, heildargreiðsla til Markaðsskrifstofunnar eru kr. 252.500 á ári.

Það sem nefndin telur að samstarfið skili til svæðisins er ávinningur af þáttöku í t.d. Vest Norden og öðrum ferðakaupstefnum sem er dýrt að taka þátt í á eigin vegum. Skráning í þjónustubækur, borðkort (sumar og vetrar) og sýnileiki á heimasíðu Markaðsskrifstofunnar www.nordurland.is

Varðandi sýnileikann á vefsíðunni:

Hvetja þarf ferðaþjónustuaðila hér á Þórshöfn og nágrenni til að senda efni og myndir á vefinn til að auka sýnileika svæðisins. Ferðamálafulltrúi í Langanesbyggð þarf etv. að leiða þá vinnu og tryggja að þarna inni sé allt það efni sem ferðafólk þarf á að halda.

Markaðsskrifstofan er að gera jákvæða hluti varðandi beint flug til Akureyrar og mun það gagnast þessu svæði gríðarlega vel ef af verður.

Ferðamálafulltrúi hefur þarna aðgang að ráðgjöfum og upplýsingum og aðgang að viðburðum og námskeiðum á vegum MFN.

Nefndin telur rétt að halda áfram að greiða til MFN skv. samningnum, en bendir á nauðsyn þess að frumkvæðið komi héðan af svæðinu með að nýta þjónustu MFN betur en verið hefur.

3. Farið var yfir auglýsingu frá Nýsköpunarmiðstöð, þar sem styrkir eru auglýstir til umsóknar. Nokkrar hugmyndir voru ræddar en ekki tekin ákvörðun um að sækja um fyrir eitt ákveðið verkefni heldur var hugmyndinni komið á framfæri við Halldóru sem skoðar málið betur.

FUNDI SLITIÐ